

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 28. febrúar 2024
UST202402-018/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 og nýtt deiliskipulag - Háteigur Þykkvabæ

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 1. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 og nýju deiliskipulagi fyrir Háteig í Þykkvabæ.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gangi út á að lóðinni fyrir Háteig sem er innan þéttbýlisins verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði sem heimilar gistingu fyrir allt að 25 gesti og minnkar landbúnaðarland sem því nemur (um 0,3 ha). Í deiliskipulagi verða settir skilmálar um byggingar, hámarks byggingarmagn, aðkomu o.fl. eftir því sem við á.

Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að huga að hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og meta áhrif á loftslag í umhverfismati.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir að öðru leiti ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur